

182
13. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 10. jan. 1953, um söluskatt.

1. gr.

6. gr. C., 10. liður, orðist svo:
Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

183
28. okt.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Seyðisfjarðar á nokkrum fasteignum á Seyðisfirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á eftirtöldum fasteignum á Seyðisfirði:

Húseignin nr. 43 við Hafnargötu.
Erfðafestuland nr. 9 við Norðurgötu.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1953 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

184
29. okt.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Arðskrá samkv. yfirmati 1953
1000 einingar

1. Hjaltabakki	17
2. Skinnastaðir	26
3. Akur	53
4. Stóra Giljá	4
5. Beinakelda	2
6. Litla Giljá	3
7. Hnausar	68